



Aðalfundur Landsbankans

Skýrsla bankaráðs 21. mars 2018

Aðalfundur Landsbankans 21. mars 2018

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs Skýrsla stjórnar

Inngangur

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til aðalfundar Landsbankans hér í þessu fallega útibúi bankans við Austurstræti 11. Bankinn hefur verið með starfsemi við Austurstræti 11 frá árinu 1898 og í þessu húsi frá 1924. Nýlega voru gerðar breytingar í salnum í samræmi við þarfir og þróun bankans. Það hefur að sjálfsögðu ekki verið hreyft við friðuðum innréttingum og listaverkum sem prýða þetta útibúi hjarta borgarinnar. Okkur fannst við hæfi að halda fundinn hér en á síðasta aðalfundi fyrir réttu ári var tilkynnt að ákvörðun um framtíðarhúsnæði bankans yrði tekin fljótlega. Í lok maí á síðasta ári sögðum við frá því að bankinn hyggðist byggja á lóð bankans við Austurhöfn og nú hafa arkitektar verið valdir til verksins. Ég mun víkja nánar að þeim áformum síðar.

Við undirbúning skýrslu bankaráðs fyrir árið 2017 rifjaðist upp fyrir mér skýrslan fyrir árið 2016. Fljótt á litið fannst mér margt æði keimlíkt milli ára. Árið 2017 var svo sannarlega viðburðaríkt, rétt eins og árið 2016. Það voru alþingiskosningar síðla árs bæði árin og í kjölfarið tók ný ríkisstjórn við völdum. Áfram var uppgangur í efnahagslífinu þótt takturinn hafi verið hægari en árið á undan. Og af því ég minntist á frábæran árangur karlalandsliðs okkar í knattspyrnu á EM 2016 á síðasta aðalfundi finnst mér rétt að vekja athygli á því, ef það skyldi hafa farið framhjá einhverjum, að Ísland er í sumar á leiðinni í lokakeppni HM í fyrsta skipti. Landsbankinn er stoltur bakhjarl KSÍ og nýlega var skrifað undir þriggja ára samning um áframhaldandi samstarf. Við hlökkum mikið til að taka þátt í fótboltaævintýri sumarsins sem hefst með sannkölluðum stórleik á móti Messi og félögum frá Argentínu.

Hér á eftir dreg ég fram í sex liðum það sem hæst bar í starfsemi Landsbankans á síðasta ári. Fyrst vík ég að almennri stöðu bankans og markaðshlutdeild. Í öðru lagi mun ég fjalla um rekstur bankans, helstu stærðir og kennitölur, og málefni hlutahafa. Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, mun fara nánar yfir reksturinn á eftir. Í þriðja lagi geri ég grein fyrir störfum bankaráðs og skipulagsbreytingum í bankanum. Í fjórða lagi kem ég inn á stafræna tækni, samkeppnisstöðu og áskoranir sem bankinn stendur nú frammi fyrir. Í fimmta lagi ræði ég byggingaráform bankans og í sjötta og síðasta lagi fjalla ég um eigandastefnu ríkisins og samfélagsábyrgð.

1. Meðbyr og vaxandi markaðshlutdeild

Ég nefndi áðan að árin 2016 og 2017 hefðu fljótt á litið virkað keimlík en við nánari skoðun sést að þetta er ekki alls kostar rétt, því Landsbankinn naut vaxandi meðbyrs á árinu 2017. Kannanir sýna að traust til bankans hefur aukist og jafnframt sýna þær aukna ánægju með þjónustu bankans. Það er bankanum afar mikilvægt að njóta trausts.

Landsbankinn nær vel til fólks og fyrirtækja, jafnt á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu. Á einstaklingsmarkaði mældist markaðshlutdeild hans á árinu 2017 hærrí en nokkru sinni fyrr og hefur bankinn verið með hæstu markaðshlutdeild bankanna þriggja fjögur ár í röð. Bankinn mældist með 37,9% hlutdeild á einstaklingsmarkaði og hefur hún vaxið um tæp 10 prósentustig frá árinu 2008. Umsvif Landsbankans á íbúðalánamarkaði voru mikil á árinu 2017 líkt og fyrri ár, þrátt fyrir mikla samkeppni. Alls veitti Landsbankinn um 98 milljarða króna í ný íbúðalán á árinu.

Markaðshlutdeild Landsbankans á fyrirtækjamarkaði hefur einnig vaxið undanfarin ár og mældist hún 34,8% á árinu 2017. Útlánavöxtur til fyrirtækja var hóflegur en markaðshlutdeild bankans í útlánum til fyrirtækja er sem fyrr hæst meðal stóru bankanna þriggja, eða 40%.

Landsbankinn hefur um árabíl verið leiðandi í mannvirkjafjármögnun og hefur á liðnum árum verið umfangsmestur í fjármögnun nýrra íbúða og hótélbygginga. Mikil eftirspurn er eftir íbúðarhúsnæði og bankinn lítur á það sem hluta af samfélagsábyrgð sinni að taka þátt í nauðsynlegri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Stærri verkefni á sviði mannvirkjagerðar, sem bankinn fjármagnar, voru 93 talsins um síðustu áramót á vegum 60 verktakafyrirtækja. Bygging nýs íbúðarhúsnæðis er fyrirferðarmest, en áætlað er að 2.880 nýjar íbúðir sem eru fjármagnaðar af bankanum komi inn á fasteignamarkað á árunum 2018 og 2019.

Þá vil ég geta þess að með markvissri vinnu og skýrri sýn hefur Landsbankinn byggt upp leiðandi starfsemi á sviði eignastýringar og markaðsviðskipta. Líkt og undanfarin ár jókst umfang eignastýringar Landsbankans með fjölgun nýrra viðskiptavina. Eignir í stýringu hjá bankanum hækkuðu um 31 milljarð króna, sem er 13% vöxtur á milli ára. Í árslok 2017 voru heildareignir í stýringu hjá samstæðu Landsbankans 416 milljarðar króna.

2. Rekstur ársins 2017 í samræmi við áætlanir

Ég vík þá að rekstri bankans. Efnahagsaðstæður á Íslandi voru áfram góðar árið 2017 sem endurspegladist í bættri afkomu viðskiptavina. Vanskil héldu áfram að minnka og útlánasafn bankans þróaðist með hagstæðum hætti. Útlán jukust um 8,5% sem er vel umfram áætlaðan hagvöxt ársins. Töluvert hefur hægt á hagvexti á milli ára og útlit er fyrir að árið 2018 verði krefjandi fyrir fyrirtæki í flestum greinum atvinnulífsins. Landsbankinn er þar ekki undanskilinn. Launahækkunar, sterkt gengi krónunnar og aukin samkeppni um vinnufl hafa sett fyrirtækjarekstri þrengri skorður en oft áður.

Rekstur Landsbankans var í samræmi við áætlanir ársins 2017. Hagnaður bankans nam 19,8 milljörðum króna, samanborið við 16,6 milljarða króna árið 2016. Rekstrartekjur jukust um 4,8 milljarða króna, eða um 9,9%, og rekstrargjöld hækkuðu um 336 milljónir króna, eða um 1,4%. Kostnaðarhlutfallið var 46,1% á árinu 2017 og lækkaði um 2,3 prósentustig frá fyrra ári. Bankinn hefur því náð að halda kostnaði niðri undanfarin ár og mun áfram einbeita sér að því að finna tækifæri til hagræðingar en um leið efla þjónustu sína við viðskiptavini. Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 8,2%, sem er nokkuð undir 10% langtímamarkmiði bankans. Tími tekjufærslna vegna einskisliða er svo gott sem liðinn og bankinn þarf tvímælalaust að bæta grunnreksturinn enn frekar.

Landsbankinn hlaut góðar viðtökur á erlendum skuldabréfamörkuðum á árinu 2017 og í júní endurfjármagnaði bankinn m.a. lokagreiðslu skuldar við gamla Landsbanka Íslands, nú LBI ehf., að fjárhæð 16,2 milljarðar króna, með útgáfu erlendra skuldabréfa á hagstæðum kjörum. Þess má geta að þegar skuldabréfin voru upphaflega gefin út nam fjárhæð þeirra samtals um 350 milljörðum króna á þáverandi gengi. Lánshæfiseinkunn bankans skiptir verulegu máli, ekki síst á erlendum fjármagnsmörkuðum, og því var ánægjulegt þegar matsfyrirtækið S&P Global Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn Landsbankans í BBB+ með stöðugum horfum sl. haust.

Efnahagur Landsbankans er traustur. Eigið fé hans í árslok 2017 var 246 milljarðar króna og eiginfjárlutfallið 26,7%. Eiginfjárlutfallið er hátt á alla mælikvarða þrátt fyrir að bankinn hafi frá árinu 2013 greitt meirihluta hagnaðar fyrra árs til hluthafa. Á árinu 2017 greiddi bankinn 24,8 milljarða króna í arð og á tímabilinu 2013-2017 greiddi Landsbankinn hluthöfum sínum alls um 107 milljarða króna í arð en arðgreiðslurnar renna nánast að öllu leyti í ríkissjóð.

Fyrir aðalfundinum liggur tillaga bankaráðs um að bankinn greiði í lok mars um 15,4 milljarða króna í arð vegna afkomu ársins 2017. Tillagan er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans um að greiða 60-80% af hagnaði fyrra árs í arð. Því til viðbótar leggur bankaráð til að sérstök arðgreiðsla, að fjárhæð um 9,5 milljarðar króna, verði greidd til hluthafa í september. Þar með munu arðgreiðslur bankans alls nema um 24,8 milljörðum króna á árinu 2018. Í arðgreiðslustefnu bankans segir: „Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn uppfylli lögbundnar kröfur á hverjum tíma og viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu.“ Bankaráð leggur tillögu sína um arðgreiðslur fram með hliðsjón af þessari stefnu. Verði tillagan samþykkt hefur bankinn að lokinni seinni arðgreiðslunni í haust greitt tæplega 132 milljarða króna í arð frá árinu 2013.

Ítarlega er fjallað um helstu þætti í rekstrinum í ársskýrslu Landsbankans sem gefin var út samhliða birtingu á ársuppgjöri bankans 15. febrúar sl. Skýrslan er aðgengileg á vef bankans.

3. Störf bankaráðs og skipulagsbreytingar

Ég kem þá að störfum bankaráðs. Á aðalfundi bankans 22. mars 2017 voru Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Helga Björk Eiríksdóttir, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson og Magnús Pétursson endurkjörin í bankaráð Landsbankans. Sigríður Benediktsdóttir var kjörin í bankaráð í stað Danielle Pamelu

Neben sem hafði setið í bankaráði frá aðalfundi árið 2013. Nú er ljóst að varaformaður bankaráðs, Magnús Pétursson, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í bankaráði og því vil ég nota tækifærið og þakka honum afar góð störf í þágu bankans, árangursríkt samstarf og skemmtileg kynni á síðustu tveimur árum. Bankaráð óskar honum velfarnaðar í leik og starfi.

Bankaráð fundaði 22 sinnum á árinu 2017 og fjórar undirnefndir bankaráðs 28 sinnum.

Lilja Björk Einarsdóttir var ráðin bankastjóri Landsbankans 23. janúar 2017 og tók hún til starfa 15. mars, eða viku fyrir aðalfund bankans. Lilja tók við af Hreiðari Bjarnasyni, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Landsbankans, sem gegndi starfinu tímabundið eftir að Steinþór Pálsson lét af störfum 30. nóvember 2016.

Ragnhildur Geirsdóttir, sem verið hafði framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatækni­sviðs Landsbankans frá árinu 2012, lét af störfum sl. vor. Bankaráð þakkar henni mikið og öflugt starf fyrir bankann og óskar henni alls hins besta á nýjum vettvangi.

Við þessa breytingu var ákveðið að skerpa á stafrænni framþróun bankans. Skipulagi upplýsingatækni­sviðs var breytt og var Arinbjörn Ólafsson ráðinn nýr framkvæmdastjóri sviðsins í júlí í fyrra. Arinbjörn hefur starfað hjá bankanum frá árinu 2006 og verið leiðandi í tæknimálum innan hans.

4. Traustar undirstöður, stafræn framþróun og harðnandi samkeppni

Í samræmi við auknar áherslur á sviði stafrænnar þróunar tók Landsbankinn á síðastliðnu ári í notkun nýtt innlána- og greiðslukerfi, innleiddi ýmsar nýjungar í net- og farsímabönkum einstaklinga og fyrirtækja og áfram var aðgengi að sjálfsafgreiðslulausnum í útibúum bankans bætt.

Nýja innlána- og greiðslukerfið frá hugbúnaðarfyrirtækinu Sopra Banking Software sem tekið var í notkun í nóvember síðastliðnum leysir af hólmi mörg eldri tölvukerfi bankans og Reiknistofu bankanna. Þetta verkefni var afar umfangsmikið og telst til stærri hugbúnaðarverkefna sem ráðist hefur verið í hér á landi.

Þótt innleiðingin hafi í heildina gengið vel urðu nokkrar truflanir á þjónustu bankans. Við viljum þakka viðskiptavinum bankans fyrir að taka röskun á þjónustu bæði af þolinmæði og skilningi. Einnig þökkum við samstarfsaðilum bankans og starfsfólki annarra banka fyrir samstarfið en uppfærslan hafði áhrif á allt greiðslukerfi landsins.

Á fyrri hluta ársins 2017 var nýtt kerfi til stjórnunar viðskiptatengsla, svokallað CRM-kerfi, tekið í notkun hjá Landsbankanum. Innleiðing beggja þessara kerfa auðveldar bankanum að bregðast við nýjum þörfum viðskiptavina sinna og býr einnig í haginn fyrir áframhaldandi þróun stafrænnar þjónustu. Landsbankinn er því með traustar og öruggar undirstöður sem munu nýtast vel til framtíðar en bankaráð hefur sett stafræna tækni sem helsta áherslumál í starfinu á árinu 2018.

Sérstaða fjármálamarkaðarins umfram margan annan rekstur er að eftirlit með starfsemi­nni hefur á síðustu árum orðið æ umfangsmeira og flóknara og þar af leiðandi kostnaðarsamara. Framhjá þessu verður ekki litið. Þá greiða bankar einir íslenskra fjármá­lafyrirtækja sérstakan skuldaskatt til ríkisins, sérstakan skatt á laun starfsmanna sinna ásamt því að greiða 6% viðbótartekjuskatt á hagnað umfram 1 milljarð króna. Þessir skattar námu um 5,3 milljörðum króna árið 2017 og á síðustu tíu árum hefur bankinn greitt samanlagt um 30,5 milljarða króna í skatta af starfsemi sinni, umfram það sem öðrum fjármá­lafyrirtækjum en bönkum er gert að greiða.

Ofangreind tilhögun skekkir samkeppnisstöðu íslenskra banka verulega gagnvart erlendum bönkum, íslenskum lífeyrissjóðum og fjártæknifyrirtækjum, sem eru í örri sókn þessi misserin. Nú þegar íslenskir bankar eru orðnir samkeppnishæfari en áður gagnvart erlendum bönkum, vegna bættrar láns­hæfiseinkunnar íslenska ríkisins og betra aðgengis að erlendum fjármá­lamörkuðum, eru þeir engu að síðar að missa viðskipti við stöndug íslensk fyrirtæki til erlendra banka. Það gefur augaleið að sú stefna stjórnvalda að leggja sérstaka skatta á íslenska banka, sem erlendir bankar þurfa ekki að standa skil á, er íslenskum bönkum fjötur um fót.

5. Nýtt og hagkvæmara húsnæði

Þá vík ég máli mínu að húsnæðismálum bankans. Einn liður í að bregðast við vaxandi samkeppni, örum breytingum á bankaþjónustu og kröfu um hagræðingu í rekstrinum er að sameina alla miðlæga starfsemi bankans í nýjum húsakynnum. Núverandi húsakostur Landsbankans í miðborg Reykjavíkur er bæði óhagkvæmur og hentar starfsemi­nni illa. Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni ákvað bankaráð árið 2017 að byggja á lóð bankans við Austurhöfn. Þar mun bankinn reisa hús sem á að mæta þörfum nútíma fjármá­lafyrirtækis og auðvelda nauðsynlega samvinnu milli ólíkra deilda bankans.

Bankinn auglýsti eftir samstarfsaðilum um hönnun hússins og lýstu 26 innlendir og erlendir aðilar yfir áhuga á verkefninu. Af þeim voru sjö arkitektateymi valin til að skila inn frumtillögum að húsinu og í janúar bárust bankanum tillögur frá sex þeirra, að viðhafðri nafnleynd. Bankinn þakkar þennan mikla áhuga og afar spennandi og ólíkar tillögur sem bárust.

Þriggja manna ráðgjafaráð var bankastjóra og bankaráði til fulltingis við valið en tillaga Arkþings og C.F. Møller varð fyrir valinu. Nýlega auglýsti bankinn eftir samstarfsaðilum til að sjá um verkfræðihönnun byggingarinnar. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í byrjun næsta árs og verður bygging hússins boðin út.

Húsið sem Arkþing og C.F. Møller hafa teiknað er látlaust en fallett og kallast vel á við umhverfið. Við teljum að það muni sóma sér vel í miðborginni og verða verðmæt eign fyrir Landsbankann. Bankaráð mun fylgja þessu verkefni vel eftir því það er mikilvægt að vel takist til á öllum stigum, að sveigjanlegt og hagkvæmt hús risi án þess að kostnaðaráætlanir raskist.

Á meðan hönnun og framkvæmdir standa yfir munu starfsmenn bankans nýta tímann til að breyta verklagi og skipulagi þannig að hið nýja húsnæði muni strax skila hagræðingu og bættri þjónustu við viðskiptavinum.

6. Eigandastefna ríkisins og langtímasjónarmið

Ég kem þá að síðasta meginþætti máls míns, eigandastefnu ríkisins. Í júlí á síðasta ári var samþykkt ný eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki og nær hún til þeirra fjármálafyrirtækja sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með. Þarft var að ný eigandastefna liti dagsins ljós, enda hefur margt breyst frá því að fyrri eigandastefna var mótuð árið 2009. Ég nefni þetta hér á hluthafafundi vegna þess að það er mikilvægt að ríkið hafi skýra stefnu með eignarhaldi sínu þannig að við sem störfum í umboði hluthafa getum litið til þeirra sjónarmiða. Íslenska ríkið á 98,2% hlut í Landsbankanum en fjölmargir minni hluthafar skipta á milli sín um 0,3% og sjálfur á bankinn 1,5%.

Meðal þess sem kemur fram í eigandastefnunni er að bankanum beri að stuðla að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar, fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og leitast við að vera í forystu á sviði góðra stjórnarháttar, viðskiptasiðferðis og samfélagslegrar ábyrgðar. Bankinn skal í rekstri sínum gæta að jafnræði viðskiptavina og heilbrigðri samkeppni. Bankaráð hefur eigandastefnu ríkisins að leiðarljósi og gætir þess í störfum sínum að langtímahagsmunir Landsbankans og þar með allra hluthafa séu í hávegum hafðir. Landsbankinn hefur sýnt að hann er í forystu þegar kemur að þeim viðmiðum sem lýst er í eigandastefnunni. Ég vil geta um fáein dæmi þessa.

Í dag kom út samfélagsskýrsla Landsbankans fyrir árið 2017. Þar er ítarlega farið yfir verkefni bankans er snúa að samfélagsábyrgð og lögð er áhersla á að samfélagsstefnan sé hluti af kjarnastarfsemi bankans.

Á síðasta ári átti Landsbankinn frumkvæði að stofnun íslenskra samtaka um ábyrgar fjárfestingar, IcelandSIF. Þá er bankinn jafnframt stofnaðili að Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Jafnréttisumræðan var áberandi á liðnu ári og jókst enn frekar með #metoo-umræðunni þar sem kastljósinu var beint að kynferðislegri áreitni og kynbundinni mismunum á vinnustöðum. Jafnréttisstefna Landsbankans og aðgerðaáætlun hennar er til skoðunar og endurmats, meðal annars með hliðsjón af þeirri vitundarvakningu sem #metoo-frásagnirnar hafa komið til leiðar. Landsbankinn hefur lengi lagt þunga áherslu á að tryggja launajafnrétti og jöfn starfstækifæri kynjanna. Hann var fyrstur banka á Íslandi til að hljóta gullmerki jafnlaunaúttektar PwC árið 2015 og svo aftur 2016 og vinnur nú að því að hljóta jafnlaunavottun fyrir árslok.

Ítarlega er fjallað um jafnréttismálin í samfélagsskýrslunni. Þar er auk þess fjallað um aukið öryggi á netinu og þær víðtæku breytingar sem ný persónuverndarlöggjöf og ný tilskipun um greiðsluþjónustu (PSD2) hafa í för með sér, svo eitthvað sé nefnt. Bankinn réð persónuverndarfulltrúa á síðasta ári og hefur undirbúið vel kröfur sem ný persónuverndarlöggjöf gerir til fjármálafyrirtækja. Í nóvember 2017 gekk Landsbankinn í samtökin Nordic Financial CERT, samtök norrænna fjármálafyrirtækja, sem er ætlað að efla netöryggi og verjast glæpastarfsemi á netinu.

Ennfremur vil ég geta þess hér, að í eigandastefnunni er því lýst að ríkið vilji vera kjölfestueigandi í Landsbankanum til framtíðar, en að hluti bankans skuli seldur þegar aðstæður eru hagstæðar og hann skráður á markað. Við sem störfum í bankaráði erum meðvituð um þessi markmið. Ákveði ríkið að selja hlut í bankanum verður bankinn skráningarhæfur, með traustan efnahag, góða arðsemi, metnaðarfulla arðgreiðslustefnu og skýra framtíðarsýn.

Lokaorð

Að lokum vil ég segja að Landsbankinn hefur á að skipa öflugum starfsfólki sem er tilbúið að leggja sig fram til að bankinn geti veitt framúrskarandi þjónustu. Eins og fyrr segir sýna kannanir að ánægja með þjónustu bankans er mikil og fer vaxandi. Traust til bankans hefur sömuleiðis aukist. Þetta eru afar ánægjulegar vísbendingar og gott veðanesti til framtíðar. Fyrir hönd bankaráðs Landsbankans þakka ég viðskiptavinum traustið og starfsfólki fyrir góð störf. Einnig vil ég þakka hluthöfum og eftirlitsaðilum góð samskipti á liðnu ári.